

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 1191 — 447. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum (stærðarmörk krókaafلامarksbáta, strandveiðar).

Frá Jóni Bjarnasyni og Atla Gíslasyni.

Við 3. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögum bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða,
XIII, svohljóðandi:

Á fiskveiðiárunum 2013/2014 og 2014/2015 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar
úthlutunar, eftirfarandi aflaheimildir hvort fiskveiðiár, miðað við óslægðan afla: Ýsa 3.000
lestir.

Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til krókaafلامarksbáta sem hafa leyfi til
veiða í atvinnuskyni og hafa stundað veiðar á vetrarvertíð. Útgerð á þess kost að fá úthlutað
fyrir hvert skip gegn greiðslu gjalds allt að 10 lestum af ýsu. Fiskistofa annast úthlutun afla-
heimildanna. Aflaheimildir sem er úthlutað samkvæmt þessari grein eru ekki framseljanlegar.
Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflamarki skal vera 180 kr. fyrir hvert kílógramm af ýsu. Gjaldið skal greitt Fiski-
stofu fyrir úthlutun.

Tekjur af aflaheimildum skulu renna í ríkissjóð og skal þeim ráðstafað til verkefna sem
eru í samræmi við markmið 1. gr. laganna um verndun og hagkvæma nýtingu nytjastofna á
Íslandsmiðum ásamt því að tryggja atvinnu og trausta byggð í landinu. Ráðherra setur nánari
reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Greinargerð.

Fyrir liggur að viðskipti með aflamark í ýsu eru nú í lágmarki og eiga útgerðir í erfið-
leikum með að fá nauðsynlegar aflaheimildir til að geta stundað blandaðar veiðar. Mikill
niðurskurður í aflaheimildum á ýsu á þessu fiskveiðiári eykur enn á þennan vanda. Af því til-
efni er talið réttlæt看legt að ráðherra sé veitt heimild til að auka nokkuð aflaheimildir í því
skyni að koma til móts við þennan mikla vanda.

Jafnframt er lagt til að tekjur vegna viðskipta með aflamark ýsu er renna í ríkissjóð verði
í heild sinni varið til verkefna er taki mið af þeim markmiðum sem fram koma í 1. gr. laga
um stjórn fiskveiða.

